

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Námskrá 3. bekkjar í Upplýsinga- og tæknimennt

Inngangur:

Námssvið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér, miðlamennt, tölvunotkun, skólasafnsfræði og upplýsinga- og samskiptatækni. Einnig felst upplýsinga- og tæknimennt í því að læra að nálgast upplýsingar á ýmsum miðlum og nota þær í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Með þessu lærir nemandi að umskrifa og skapa þekkingu ásamt því að miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við tækni og það stafræna umhverfi sem við fylgjum.

Megin áhersla er að þjálfra nemendur markvisst frá byrjun skólagöngunnar og er það gert ýmist í gegnum samþættingu námsgreina eða í annari tölvukennslu.

Í upplýsinga- og tæknimennt er tekið mið af sex grunnþáttum (sjá hér fyrir neðan).

Neðst í skjalinu er að finna nákvæmari lýsingu á þeirri vinnu nemenda í 3. bekk í upplýsinga- og tæknimennt.

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Vinnulag og vinnubrögð

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur eru með tölvutíma á stundatöflu klukkustund á viku. Athugið að þetta er þó hópaskipt og ættu nemendur að ná að fara í 10 – 15 skipti í tölvukennslu yfir veturinn, eina klukkustund í senn. Þess fyrir utan er vinna í kennslustundum með Ipada og jafnvel í tölvustofu sem er samþætt ýmsum námsgreinum.

Í 3. bekk leggjum við áherslu á að nemendur læri:

- að nota rafrænt námsefni á einföldu formi.
- læri að skrá sig inn með eigin notendanafni og lykilorði og læri því mikilvægi lykilorða.
- prófi mismunandi tæki s.s. tölvur og Ipad og vinni með kennsluforrit s.s. Orðaleikurinn, Lærum og leikum með hljóðin ofl.
- haldi áfram að æfa sig í fingrasetningu í gegnum þar til gerð forrit og leiki og geti beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.
- haldi áfram að kynnast teikniforriti og vinni með ritvinnslu og fari þar á næsta erfiðleikastig.
- prófi að gera rafræna bók með BookCreator.

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 3. bekk eiga að vera búin að læra að umgangast þann tækjabúnað sem er í boði s.s tölvur, Ipad og prentara. Upplýsingaöflun er unnin í samvinnu við kennara en nemendur í 3. bekk verða ekki settir í sérstök leitarverkefni þar sem leitað er að upplýsingum á veraldarvefnum. Hins vegar munu nemendur nota og læra á rafrænt og gagnvirkt námsefni bæði í Ipad og á www.nams.is.

Tækni og búnaður

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 3. bekk nýta sér fyrst og fremst tölvur skólans, Ipad og prentara. Nemendur vinna með ritvinnsluforritið Word og önnur forrit sem tilgreind eru neðar í skránni. Einnig læra nemendur betur á umhverfi skólabókasafns og fá fræðslu á bókasafni.

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Sköpun og miðlun

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Nemendur í 3. bekk læri að nota hugbúnað og miðli með honum ákveðinni þekkingu. Nemendur læri og kynnist forritum á borð við:

- Fingrafimi 1 og 2– grunnur í fingrasetningu
- Málun 2– Grunnur í teikniforriti
- Word þar sem nemendur bæta við kunnáttu sína með því að skrifa stutta texta, setja inn myndir og leika sér með forritið. Nemendur læra að vista gögnin sín
- Imovie þar sem nemendur læri grunnatriði í stuttmyndagerð með æfðum atriðum þar sem nemendur geta síðan fíkrað sig áfram og séð hvað þau treysta sér til að gera.
- BookCreator - rafræn bókagerð þar sem nemendur ná að miðla ákveðinni þekkingu á skapandi og fjölbreyttan hátt.
- Lazy Monster hreyfiforrit sem hægt er að gera með öllum árgöngum grunnskólans sem uppbrot á kennslu.
- Unnið með fjölbreytt fingrarsetningarforrit og námsforrit á nams.is

Athugið að þetta er ekki tæmandi listi

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

Siðferði og öryggi

Nemendur læri að fara eftir einföldum reglum hvað varðar umgengni og notkun tækjabúnaðar í skóla.

Kennsluáætlun fyrir 3. bekk

| Forrit og annað | Námsmat |
|---|---|
| <p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • læri að opna tölvu með notendanafni og lykilorði • tileinki sér þær reglur sem fylgja við notkun tækja í skólanum. • læri á umhverfi skólabókasafns og fái fræðslu • æfi fingrasetningu með Fingrafimi 1 og 2. • þjálfist í fingraleikjum í sínum styrkleikaflokki (t.d. Hlaupabrautin, Klifrarinn o.sfrv). • kynnist Málun (Paint) með forriti hjá nams.is sem heitir Málun 2. | <ul style="list-style-type: none"> • Símat kennara á virkni og áhuga nemenda í kennslustundum. • Foreldrar fá afhent matsblað í gullakistu í lok skólaárs. Þar kemur fram hvaða atriði nemandi hefur náð að tileinka sér. |

3. bekkur Upplýsinga- og tæknimennt

- haldi áfram að vinna í Word, skrifa texta, setja inn myndir. Læri að gera stóran staf, punkta og kommur og annað sem nauðsynlegt er við textasmíð á þessu aldurstigi.
- noti leikja-/ námsforrit bæði á nams.is og í Ipad svo sem:
 - a. Orðaleikurinn
 - b. Stafarugl fyrir lengra komna
 - c. Ýmis stærðfræðiforrit
- kynnist einfaldri ritvinnslu í Word.
- kynnist forritinu Lazy Monster.
- læri rafræna bókagerð með BookCreator.
- læri að taka upp í Imovie og prófi sig áfram í einföldum atriðum forritsins.
- Fáir fræðslu á bókasafni um það hvernig á að taka bók, hvar á að finna bók og annað efni.
- skoði fréttir líðandi stundar með kennara með umfjöllun og verkefnum í kjölfarið og noti til þess forrit sem nemandi er að læra á.